

REGLUR

um upplýsingagjöf varðandi skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

1. gr.

Með reglum þessum öðlast gildi, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið og bókun 1 við EES-samninginn, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/308 frá 1. mars 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar form, sniðmát og skilgreiningar vegna auðkenningar og sendingar upplýsinga af hálfu skilastjórnvalda í þeim tilgangi að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2019 frá 10. júlí 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 55 frá 26. ágúst 2020, bls. 8-16.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. mgr. 22. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, taka gildi þegar í stað.

Seðlabanka Íslands, 10. nóvember 2021.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.